

# Vinnumarkaður og kjarasamningar á Norðurlöndum

Kynning á skýrslu vinnuhóps aðila  
vinnumarkaðarins og ríkissáttasemjara  
21. maí 2013

Hannes G. Sigurðsson

# Aðdragandi skýrslunnar

- Gagnrýni á kjarasamninga
  - Fyrirkomulag viðræðna
    - Dragast á langinn
    - Undirbúningur ómarkviss, viðræður óskilvirkar
  - Áhrif á efnahagslegan stöðugleika
    - Miklar launahækkanir hafi valdið verðbólgu
    - Markmið um aukinn kaupmátt hafi farið forgörðum
  - Bréf BSRB til ríkisstjórnarinnar með ábendingum, maí 2011
  - Svarbréf ríkisstjórnar, maí 2011. Sáttasemjara falið að fjalla um málið með hlutaðeigandi aðilum
  - Óformlegur starfshópur á vegum heildarsamtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur fundað nokkrum sinnum með ríkissáttasemjara, einkum í tengslum við ráðstefnur og skýrsluna

# Samningagerð, umgjörð kjarasamninga og sameiginleg verkefni

Ráðstefna 5. nóvember 2012, kl. 13-17

- Tildrög og viðfangsefni. Elín Björg Jónsdóttir, BSRB.
- Samningatækni. Sayyed Mohsen Fatemi, Ph.D. Harvard.
- Svíþjóð - kjarasamningar. Anna Stina Elfving, Offentliganställdas förhandlingsråd
- Danmörk – danska líkanið. Gylfi Arnbjörnsson (meðhöfundur Hrafnhildur Stefánsdóttir)
- Noregur – kjarasamningar. Sigbjörn Mygland, NHO
- Umræður

# Samningagerð, umgjörð kjarasamninga og sameiginleg verkefni

Framhaldsráðstefna 12. nóvember 2013. kl. 13-17

- Umbætur í ljósi tilhögunar á Norðurlöndum. Ásmundur Stefánsson, fyrrv. ríkissáttasemjari
- Eru þríhliða samningar vænlegir? Hvernig er undirbúningi kjarasamninga best háttað? Er hægt að gera samningsgerðina markvissari?
  - Árni Stefánsson, SFR
  - Guðlaug Kristjánsdóttir, BHM
  - Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ
  - Vilhjálmur Egilsson, SA
  - Þórður Hjaltested, KÍ
- Umræður

# Niðurstöður ráðstefnanna

Eftirfarandi meginviðfangsefni til áframhaldandi skoðunar

1. Sameiginlegur skilningur er á því að undirbúningur kjarasamninga megi stórbæta.
  - Efnahagslegar forsendur kjarasamninga skipta höfuðmáli fyrir stöðugleika og kaupmátt launa.
2. Samstaða um að samningsaðilar geti á grundvelli ákvæða gildandi laga og reglna bætt verklag við gerð kjarasamninga

# Samkomulag ASÍ og SA í jan. 2013

- Mikilvægt að hefja vinnu vegna næstu kjarasamninga
  - Mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum
  - Hefja sameiginlega stefnumörkun til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins og efnahagslegan stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi sem er forsenda framfara og bættra lífskjara
- SA og ASÍ vilja, sameiginlega með aðilum opinbera vinnumarkaðarins, setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga
- Fyrirmynda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu
- Stefnt verði að sameiginlegri sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúm bættra lífskjara næstu árin liggi fyrir í byrjun sumars og verði mótandi í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust (2013)

# Vinnuferð til Norðurlanda

- Starfshópurinn (sbr. glæru nr. 2) fór fram á það við ríkissáttasemjara að hann skipulegði vinnuferð til Norðurlanda með þátttöku sérfræðinga frá aðilunum
- Sáttasemjarar landanna fjögurra skipulögðu röð funda í hverju landi fyrir sig með fulltrúum leiðandi samtaka á vinnumarkaði. 26 fundir – 6-8 í hverju landi
- Fulltrúar frá ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, SA, SNR og Sambandi sveitarfélaga, auk sáttasemjara, fóru í kynnisferðina
- Skýrslan er afrakstur ferðarinnar

# Efnisyfirlit skýrslunnar

1. Aðdragandi skýrslunnar
2. Samantekt um vinnumarkað og kjarasamninga á Norðurlöndum
3. Danmörk
4. Finnland
5. Noregur
6. Svíþjóð
7. Viðauki – línurit sem sýna þróun verðbólgu, launa, gengis gjaldmiðla og kaupmáttar launa í löndunum
8. Dagskrá ferðar vinnuhóps til Norðurlanda 25.-28. febrúar 2013



## 2.1 Vinnumarkaðurinn á Norðurlöndum

	Norðurlönd	Esb (27)
Íbúafjöldi, milljónir	26	499
Fjöldi á vinnumarkaði, milljónir	13	241
Fjöldi atvinnulausra, milljónir	1	26
Hlutfall atvinnulausra, %	6%	11%
Atvinnuþátttaka, %	71%	64%
Fjöldi utan vinnumarkaðar, milljónir	4	92
Hlutfall utan vinnumarkaðar	21%	28%

- Norðurlönd nýta mannafla vel, betur en í öðrum ríkjum, þar sem
  - atvinnuleysi er tiltölulega lítið,
  - atvinnuþátttaka er mikil
  - hlutfall fólks á vinnualdri utan vinnumarkaðar er fremur lágt

## 2.2 Heildarsamtök launafólks

- Í öllum ríkjunum starfa heildarsamtök launafólks með aðild fjölda stéttarféлага og sambanda stéttarféлага
- Heildarsamtökin annast yfirleitt samræmingu sameiginlegra málefna og koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna
- Samningsrétturinn liggur hjá stéttarfélagunum sem semja um kaup og önnur kjör en þau sem heildarsamtökunum er falið að vinna að
- Dæmi eru einnig um stéttarfélag sem ekki tilheyra heildarsamtökum, en það heyrir til undantekninga

# Heildarsamtök vinnuveitenda


- Samningssviðin skiptast í þrennt og markast skipulag vinnuveitenda af því
- Á almennum vinnumarkaði eru stór samtök vinnuveitenda sem leika ekki stórt hlutverk í kjarasamningum nema um almenn mál
  - Frávik er í Noregi þar sem tvö nokkuð öflug vinnuveitendafélög starfa við hlið stóru heildarsamtakanna
- Samtök sveitarfélaga og millistjórnarsýslustigsins (ömt, fylki, landsþing) gera kjarasamninga við stéttarfélög
- Fjármálaráðuneytin í Danmörku og Noregi semja við stéttarfélög vegna ríkisstarfsmanna en í Svíþjóð og Finnlandi starfrækir ríkið sérstakt vinnuveitendafélag

# Hlutfall launafólks í stéttarfélögum

	Launamenn í stéttarfélögum	Launamenn sem fá laun skv. kjarasamningum
Danmörk	69%	83%
Finnland	70%	90%
Ísland	79%	89%
Noregur	55%	73%
Svíþjóð	68%	91%
OECD	17%	56%


- Hvergi er hærra hlutfall launafólks í stéttarfélögum en á Norðurlöndum
- Í DK, FI og S er hlutfallið um 70% en töluvert lægra í Noregi, 55%
- Launamenn sem taka laun samkvæmt kjarasamningum eru umtalsvert fleiri en þeir sem félagsbundnir eru. Skýringar eru t.d.:
  - Kjarasamningar eru lögbundin lágmarkskjör í FI, að hluta í NO
  - Hátt hlutfall fyrirtækja er í samtökum atvinnurekenda á Norðurlöndum
  - Kjarasamningar stéttarfélags fyrir félagsmenn sína við atvinnurekanda geta gilt um kjör allra starfsmanna, óháð félagsaðild

# Hlutfall launamanna í stéttarfélögum



Heimild: OECD. Tölurnar eiga við árin 2008-2011, mismunandi eftir löndum

# Hlutfall launamanna sem byggja kjör á kjarasamningi



Heimild: OECD. Tölurnar eiga við árin 2002-2010 eftir löndum

# Margir kjarasamningar

	Fjöldi kjarasamninga	Meðalfjöldi launamanna á kjarasamning
Danmörk	1.200	2.000
Finnland	290	9.000
Ísland	192	1.000
Noregur	550	5.000
Svíþjóð	685	7.000

- Ekki er einfalt mál að telja kjarasamninga. Svíar nákvæmastir og gefa út tölu
- Fjöldi kjarasamninga er minnstur í Finnlandi – aðeins einn hjá ríkinu
- Fjöldinn mestur í Danmörku – mjög margir í opinbera geiranum
- Kjarasamningar eru hlutfallslega flestir á Íslandi

## 2.3 Sögulegt yfirlit


- Norðurlöndin hafa vaxið hratt undanfarna áratugi
- Sum þeirra lentu í djúpri efnahagslægð í upphafi tíunda áratugarins í kjölfar fjármálakreppu sem orsakaðist af eignabólum
- Sum þeirra hafa gripið til ýmissa kerfisbreytinga til að auka samkeppnishæfni og örva hagvöxt, einkum Svíþjóð



## ... Sögulegt yfirlit


- Um miðjan níunda áratuginn varð kerfisbreyting í samningamálum í Danmörku. Aðilar vildu segja skilið við verðbólgu, versnandi samkeppnisstöðu, vaxandi atvinnuleysi og miklar vinnudeilur
- Í Svíþjóð varð sambærilegt uppgjör tæpum áratug síðar og ný vinnubrögð tekin upp
- Þessar breytingar hafa skilað miklum árangri og varanlegum stöðugleika í þessum ríkjum

# Landsframleiðsla á Norðurlöndum - þróun 1980-2012




Landsframleiðslan hefur tvöfaldast á Norðurlöndum frá 1980. Svipað og OECD meðaltalið. Danmörk er undantekning.

# Landsframleiðsla á Norðurlöndum - þróun 1993-2012




Eftir fjármálakreppuna í upphafi tíunda áratugarins hafa Norðurlönd vaxið nokkuð meira en OECD-ríkin að meðaltali, sbr. þó DK. Landsframleiðsla í DK nú er eins og 2005

## Viðskiptakjör - þróun útflutningsverðs í hlutfalli við innflutningsverð




Viðskiptakjörin skipta miklu máli fyrir lífskjörin. Noregur er í sérflokki vegna olíu og gass. Verðþróun útflutningsafurða Danmerkur einnig hagstæð. Svíþjóð og Finnland hafa þurft að búa við versnandi kjör í langan tíma kjara vegna samkeppni frá Asíu

# Útflutningur vöru og þjónustu í hlutfalli við landsframleiðslu




Norðurlöndin eru mjög háð útflutningi iðnaðarvöru. Þau flytja ekki út landbúnaðarafurðir (nema DK) eins og flest nálæg ríki. Samkeppnishæf útflutningsfyrirtæki eru forsenda velgengi, velmegunar og velferðar

# Verðbólga á Norðurlöndum (án Íslands) 1981-2012




Verðbólga á Norðurlöndum var mikil á níunda áratugnum, en hjaðnaði þegar leið á þann tíunda. Verðbólgan hefur verið svipuð og í Þýskalandi frá 1995

# Breyting tímakaups í iðnaði á Norðurlöndum (án Íslands) og í Þýskalandi 1981-2012



Á níunda áratugnum voru launahækkningar miklu meiri á Norðurlöndum en í Þýskalandi. Það hafði sínar afleiðingar. Launahækkningar eftir 1995 hafa verið u.þ.b. 2% meiri en það hefur að hluta vegist upp með meiri framleiðniaukningu en í Þýskalandi.

# Gengi Norðurlandamynta gagnvart þýsku marki/evru 1980-2012




Heimild: OECD

Gengi gjaldmiðla Norðurlanda gagnvart þýsku marki féll mikið á níunda áratugnum og fram á miðjan tíunda. Eftir það hefur gengið verið stöðugt.



# Árleg breyting kaupmáttar tímakaups á Norðurlöndum (öðrum en Íslandi) og í Þýskalandi 1981-2012



Heimild: OECD

Kaupmáttur launa á Norðurlöndum hefur aukist á hverju einasta ári síðustu þrjú áratugi. Aukningin er 1,7% árlega að meðaltali eða 66% samtals

## 2.4 Ramminn um kjarasamningana

- Norræna samningalíkanið byggir á því að ramminn er að mestu ákveðinn með samkomulagi heildarsamtaka á vinnumarkaði en í minna mæli með löggjöf
- Vilji aðila á vinnumarkaði er að kjör ákvarðist eins mikið og mögulegt er með kjarasamningum
- Það byggir á langri hefð og víðtækri þátttöku í samtökum atvinnurekenda og launafólks
- Aðalkjarasamningar (d. hovedavtale) gilda um samskipti
- Hefð fyrir þríhliða samstarfi, en þó mjög mismunandi

# Umboð til samningsgerðar

- Víðtæk þátttaka í heildarsamtökum beggja megin borðs
- Umboð til samningsgerðar er hjá stéttarfélagunum en þau framselja hluta þess eða það allt til heildarsamtakanna eftir atvikum
- Sama gildir almennt hjá heildarsamtökum atvinnurekenda á almenna vinnumarkaðnum, samningsumboðið er hjá atvinnugreinafélagunum og algengast að kjarasamningar séu gerðir fyrir heilar atvinnugreinar

## 2.5 Samningakerfin á alm. markaði

- Danmörk
  - Lágmarkslaunasamningar eða samningar án launatalna taka til 85% launafólks, 15% taka laun samkvæmt kjarasamningsbundnum launatöflum
  - Launahækkunarir eru ekki ákveðnar af stéttarfélagum og samtökum atvinnurekenda - ákveðnar í samningum milli fyrirtækja og trúnaðarmanna
- Finnland
  - Miðlægir samningar hafa lengi verið ráðandi
  - Þróunin er í átt til aukins vægis nærsamninga og minni atbeina stjórnvalda

# ... Samningakerfin á alm. markaði

- Noregur
  - Kjarasamningar með lágmarkslaunum og kostnaðarramma
  - Kostnaðarrammi útfærður innan fyrirtækja undir friðarskyldu
- Svíþjóð
  - Hluttur einstaklingsbundinna launa hefur farið vaxandi
  - Algengt er að hluti umsaminnar launahækkunar í kjarasamningi sé almennur og hluti útfærður innan fyrirtækja með samkomulagi stjórnenda og trúnaðarmanna. Ef ekki næst samkomulag þá gildir almenn hækkun

# Samningakerfin hjá hinu opinbera

- DK: Launaþróunartrygging op. stm. tryggir svipaða launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði
- NO: Nær- eða stofnanasamningar innan umsamins kostnaðarramma kjarasamnings undir friðarskyldu
- S: Einstaklingsbundin laun vega mikið hjá hinu opinbera og eru ennþá algengari en á almennum markaði

# Hlutverk heildarsamtaka

- Kjarasamningar um kaup og kjör eru yfirleitt milli einstakra stéttarféлага, eða nokkurra saman í ákveðnum atvinnugreinum, og atvinnugreinaféлага vinnuveitenda
- Heildarsamtökin gera samninga um sameiginleg mál sem varða öll aðildarfélög þeirra
- Meginverkefni heildarsamtakanna er samræming, upplýsingagjöf og almannatengsl og að tryggja að sú launastefna sem mótuð hefur verið taki til alls vinnumarkaðarins. Þetta gildir beggja megin borðs.

# Samstarf um upplýsingar og greiningu

- Náið samstarf um tölfræðiupplýsingar.
- Í skýrslum á vegum samstarfsaðila er ekki að finna nein tilmæli eða álit á launabreytingum
- Danmörk
  - *Statistikudvalget*; (DA, LO og ráðuneyti) leggur mat á þróun launakostnaðar, verðlags, kaupmáttar og samkeppnishæfni
- Finnland
  - *Samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórnar* leggur mat á kostnaðaráhrif kjarasamninga. Fer yfir launabreytingar, verðlag, kaupmátt og samkeppnishæfni
  - *Efnahagsráð* (ríkisstjórn, aðilar vinnumarkaðar og seðlabanki) fjallar um efnahagsmál á breiðum grunni
  - Aðilar vinnumarkaðarins starfa saman að greiningu á áhrifum ýmissa breytinga á samningum og aðgerða ríkisvaldsins



# Samstarf um upplýsingar og greiningu

- Noregur
  - *Tækninefnd um útreikninga (n. TBU)*. Hagstofustjóri, aðilar frá stærstu samtökum launafólks og vinnuveitanda og tveimur ráðuneytum. Skýrslur þrisvar á ári (í formi NOU) um þróun launa, verðlags, samkeppnisstöðu og almenna efnahagsþróun
  - *Kontaktutvalget for organisasjonene i arbeidslivet* er óformleg og starfar á forræði forsætisráðherra. Kemur yfirleitt saman í aðdraganda kjarasamningalotu. Tilgangurinn að vinna að sameiginlegum markmiðum. Hlutverk að samræma launaþróun og leggja grunn að hóflegum verð- og launahækkunum sem efla atvinnusköpun og koma í veg fyrir atvinnuleysi
- Svíþjóð
  - Skýrslur með launatölfræði eru lagðar til grundvallar við mat á svigrúmi til launahækkana
  - Launatölfræði í tengslum við samninga kemur frá *ríkissáttasemjara, Konjunkturinstitutet, Iðnaðarráðinu* og einnig frá samböndum launafólks og samtökum vinnuveitanda.
  - Ýmsar greiningar og samstarf fer fram um mat á efnahagsforsendum kjarasamninga
  - Konjunkturinstitutet leggur mat á launaþróun og áhrif hennar, einnig Iðnaðarráðið

# Dæmi um skýrslur til undirbúnings

STATISTIKUDVALGET

STATUSRAPPORT

**NOU**

Norges offentlige utredninger 2012:11

Grunnlaget for  
inntektsoppgjørene 2012

Nytt utvalg om lønnsdannelsen

*Steinar Holden*

# Vem ska bestämna takten?

Parternas syn på lönenormering

## Inför 2013 års avtalsrörelse

## Avtalsrörelsen och lönebildningen

# 2012

## Krisen i eurozonen konsekvenser för svensk industri



## Ekonomiska bedömningar

## 2.6 Samningsferlið

- Mikil áhersla er lögð á vandaðan undirbúning fyrir kjarasamninga
- Samstarf er bæði formlegt og óformlegt, með og án opinberra aðila
- Efnahagslegar forsendur eru greindar og samanburður gerður við önnur lönd
- Farið er yfir hvernig til hefur tekist til með fyrri samninga og sameiginleg vinna við úrvinnslu upplýsinga fer stöðugt fram
- Í vinnuhópum er farið yfir einstök mál og launatölfræði sem liggur til grundvallar mati á svigrúmi til launahækkana
- Í samningsferlinu er unnið eftir umsömdum tímaáætlunum og t.a.m. þurfa kröfur um breytingar á kjarasamningi að koma fram fyrir ákveðinn tíma og eftir það má ekki leggja fram með nýjar kröfur

# Undanfarar

- Undanfarar er íslensk þýðing á því sem nefnt er gennembrudsområde (DK), frontfagen (NO) og industrin sätter märket (S)
- Almenn samstaða ríkir á vinnumarkaðnum um að útflutningsgreinar í alþjóðlegri samkeppni séu leiðandi (undanfarar) í launamyndun og gerð kjarasamninga í hverri lotu og skapi fordæmi fyrir aðra
- Kjarasamningar í öðrum greinum eru nánast undantekningarlaust innan þess ramma sem útflutningsgreinarnar móta. Almenn samstaða er um að launahækkanir allra kjarasamninga verði að vera innan þess ramma sem iðnaðurinn ræður við. Ákveðið svigrúm er fyrir sveigjanleika í útfærslum en ekki til kostnaðarfrávika
- Samtök atvinnurekenda og stéttarfélög í atvinnugreinum í alþjóðlegri samkeppni hafa gert svonefnda iðnaðarsamninga (s. Industriavtal) um hvernig staðið er að kjarasamningum, sameiginleg markmið, samvinnu, menntun, rannsóknir, nýsköpun og jafnrétti. Markmiðið er að tryggja hóflegar launa- og verðhækkanir í samræmi við þróun í viðskiptaríkjunum og stuðla að samkeppnishæfu rekstrarumhverfi atvinnulífsins

# Industriavtal samningar um samninga



Industriavtalet

Industrins samarbetsavtal  
och förhandlingsavtal

Industri-  
överenskomsten  
2012-2014

# Samningstími

- Danmörk: Oftast 2 ár
- Finnland: Yfirleitt 2 ár
- Noregur: Alltaf 2 ár, með milliuppgjöri síðara árið
- Svíþjóð: Oftast 3 ár

# Verkföll og vinnudeilur

- Almennt ríkir friðarskylda á gildistíma kjarasamninga
- Vinnumarkaðurinn á Norðurlöndum hefur verið tiltölulega friðsæll undanfarin ár en verkföll og verkbönn eru hluti samningakerfisins og nokkur fjöldi á sér stað í hverri lotu
- Í Danmörku geta starfsmenn boðað til eins dags, löglegs verkfalls til að knýja fram breytingar í fyrirtækjasamningum, þó friðarskylda sé í gildi
- Friðsælt hefur verið á danska vinnumarkaðnum. Árlega hafa verið 200-300 verkföll með 8-16 þúsund þátttakendum alls, sem að jafnaði stóðu í einn dag
- Í Finnlandi voru 163 verkföll árið 2011, þar sem þátttakendur voru 59.000 og tapaðir vinnudagar 128.000 þannig að meðalverkfallið stóð í um tvo daga
- Í Noregi hafa verkföll verið tíðari hjá hinu opinbera en á almennum markaði, t.a.m. fór hluti opinberra starfsmanna í verkfall árið 2012
- Verkföll eru fátíð í Svíþjóð en þau hafa einkum verið hjá hjá starfsmönnum sveitarfélaga



# Atkvæðagreiðslur um samninga

- Danmörk
  - Stéttarfélög á almennum markaði
    - Félagsmenn stéttarféлага innan LO greiða atkvæði um kjarasamninga sameiginlega og eru atkvæði talin úr einum potti
    - Náist ekki samningar innan ákveðins tímaramma er ríkissáttasemjara gert að leggja fram miðlunartillögu fyrir stéttarfélög sem ósamið er við
    - Með tengingu samninga í eina miðlunartillögu verður heildarniðurstaðan bindandi fyrir alla, jafnvel þótt einstök félög kjósi gegn tillögunni
  - Stéttarfélög á opinberum markaði
    - Hjá stéttarfélögum opinberra starfsmanna ráða samþykktir hvers félags tilhögun samþykktar eða synjunar kjarasamninga
    - Í sumum félögum fer fram atkvæðagreiðsla meðal allra félagsmanna en annars staðar nægir samþykki á félagsfundi eða fulltrúafundi
  - Samtök atvinnurekenda
    - Stjórnir vinnuveitendasamtaka afgreiða kjarasamninga með fyrirvara um samþykki danska vinnuveitendasambandsins (DA) sem þarf að leggja blessun sína yfir að samningur samræmist markaðri launastefnu

# Atkvæðagreiðslur um samninga

- Finnland
  - Engin atkvæðagreiðsla er um kjarasamninga meðal félagsmanna
  - Samningar eru afgreiddir í stjórnnum stéttarféлага og féлага vinnuveitenda
- Noregur
  - Launafólk
    - Hjá alþýðusambandinu (LO) er meginreglan sú að félagsmenn viðkomandi stéttarféлага greiða atkvæði um kjarasamninga
    - Í öðrum samböndum fer ýmist fram almenn atkvæðagreiðsla eða að stjórnir sambandanna afgreiða samningana
  - Vinnuveitendur
    - Hjá norsku samtökum atvinnulífsins (NHO) greiða aðildarfyrirtækin atkvæði um samningana (fyrra árið)
    - Milliuppgjör (síðara árið) eru afgreidd af fulltrúum aðildarsamtakanna
    - Hjá vinnuveitendafélaginu Spekter afgreiðir stjórnin kjarasamninga
- Svíþjóð
  - Engin atkvæðagreiðsla er um kjarasamninga meðal félagsmanna
  - Stjórnir stéttarféлага og féлага vinnuveitenda fara með ákvörðunarvaldið

## 2.7 Hlutverk ríkissáttasemjara

- Lög um sáttastörf í vinnudeilum eiga sér langa sögu, 100 ár
- Meginmarkmið þeirra ekki breyst; að stuðla að vinnufriði, koma í veg fyrir vinnudeilur eða stuðla að lausn þeirra
- Sjálfstæð embætti sem lúta ekki boðvaldi stjórnvalda
- Traust stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er á hinn bóginn forsenda starfa sáttasemjarans
- Almennt gildir að vísun deilna til ríkissáttasemjara felur ekki í sér væntingar um hagstæðari niðurstöðu fyrir annan hvorn aðilann
- Vísun deilna er oft farvegur til átaka, en í öllum ríkjunum eru árangurslausar sáttasemleitanir hjá sáttasemjara forsenda lögmætrar vinnudeilu.

# .. Hlutverk ríkissáttasemjara

## Danmörk

- Í Danmörku leitast samningsaðilar við að ná samningum án aðkomu sáttasemjara. Að afloknum samningum í iðnaði og á stærstum hluta af vinnumarkaðnum getur sáttasemjari lagt fram miðlunartillögu sem tekur til alls almenna vinnumarkaðarins, og þá fer fram sameiginleg atkvæðagreiðsla um tillöguna. Samkvæmt hefð nýtir almenni markaðurinn sáttasemjaraembættið í ríkari mæli en hinn opinberi. Deiluaðilar bera ábyrgð á því að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins en ekki sáttasemjari.

**MÆGLINGSFORSLAG**  
**FRA**  
**FORLIGSMANDEN**

# .. Hlutverk ríkissáttasemjara

- Finnland
  - Meginhlutverk sáttasemjarans er að setja niður vinnudeilur. Honum ber skylda til að stíga inn í vinnudeilur að beiðni aðila en getur einnig gert það að eigin frumkvæði
- Noregur
  - Hjá sáttasemjara eru ekki í boði meiri launahækkanir en í kjarasamningum sem mótað hafa launastefnuna
  - Stór hluti verkefna sáttasemjara eru samningar stéttarfélaganna við fyrirtæki sem standa utan samtaka vinnuveitenda

# .. Hlutverk ríkissáttasemjara

- Svíþjóð
  - Ný lög árið 2000, verkefnum og markmiðum breytt
  - Helstu markmið og verkefni:
    - Stuðla að vinnufriði innan þess svigrúms sem samkeppnisgreinarnar marka. Hann hefur ekki það hlutverk að stuðla að breytingum á tekjuskiptingu (t.d. launum kynja eða einstakra starfsgreina)
    - Stuðla að nýjum kjarasamningum áður en fyrri samningar renna út
    - Eiga samráð með aðilum um efnahagslegar forsendur kjarasamninga
    - Viðhalda sameiginlegri sýn á að samkeppnisgreinarnar ákvarði svigrúm og skapi fordæmi fyrir launabreytingar
    - Safna saman, túlka og gefa út launaupplýsingar, fylgjast með þróuninni á vinnumarkaði og greina launaþróun m.a. út frá launum karla og kvenna

# Viðauki með línuritum

1. Verðbólga, gengispróun, launahækkarnir og kaupmáttur launa í einstökum ríkjum Norðurlanda
2. Samanburður á verðbólgu, launabreytingum og kaupmætti á Íslandi og Norðurlöndum frá 1981

# 8. Fundirnir

## 1. Danmörk

1.	Forligsinstitutionen	Asbjörn Jensen	Forligsmand
2.	Beskæftigelsesministeriet	Helle Ekman Jensen	Chefkonsulent
3.	Dansk arbejdsgiverforening	Keld Burmölle	Overenskomstchef
4.	Moderniseringsstyrelsen	Carl Erik Johansen	Afdelingschef
5.	LO (Landsorganisationen)	Jan Kæraa	Cheføkonom
6.	FTF (Funkt. og tj.m. fællesråd)	Bente Sognefrei	Formand

## 2. Finnland

1.	Akava (finnska BHM)	Jenni Karjalainen	Internationell sekreterare
2.	STTK (Tjänstemannacentralorg.)	Risto Kousa	Internationell chef
3.	STTK	Ralf Sund	Ekonomipolitisk expert
4.	Riksförlikningsmannen	Leo Suomaa	Vikarie för riksförlikningsmannen
5.	Kommunarbetsgivarna	Henrika Nybondas-Kangas	Förhandlingschef
6.	Finlands Näringsliv EK	Seppo Saukkonen	Expert
7.	Finlands Näringsliv EK	Penna Urrila	Ledande ekonom
8.	Statens arbetsmarknadsverk	Tuomo Vainio	Regeringsråd



# 8. Fundirnir

## 3. Noregur

1.	Oslo Universitet	Steinar Holden	Professor, Leder av utvalg om lønnsdannelsen
2.	TBU (Statistisk sentralbyrå)	Ådne Kappelen	V/utvalgsleder, forskningsdirektør
3.	Arbeidsdepartementet	Eli Mette Jarbo	Avdelingsdirektør
4.	FAFO	Kristine Nergaard	Forsker
5.	Spekter	Tore Eugen Kvalheim	Direktør (tidligere leder i YS)
6.	Riksmeklerenn	Kari Gjestebø	Riksmekler


## 4. Svíþjóð

1.	LO	Lasse Törn	Enhetschef, arbetslivsenheten
2.	Unionen	Bo Hallberg	Konfliktgeneral
3.	Svenskt Näringsliv	Sverker Rudeberg	Arbetsmarknads- och avtalsfrågor, konfliktersättning, CSR
4.	Sveriges Kommuner och Landsting	Maria Dahlberg	Biträdande förhandlingschef
5.	Facken inom Industrin	Göran Nilsson	Kanslichef
6.	Medlingsinstitutet	Claes Stråth	Generaldirektör

**Að lokum (sem ekki er í skýrslunni):  
Samanburður á Svíþjóð og Íslandi 1993-2012.  
Stöðugleiki vs. óstöðugleiki**


1. Verðbólga
2. Launahækkanir
3. Gengisþróun
4. Kaupmáttur
5. Skattar, án almannatrygginga, í % af landsframleiðslu

# Verðbólga í Svíþjóð og á Íslandi 1993-2012




Heimild: OECD

# Breyting tímakaups í iðnaði í Svíþjóð og Ísland 1993-2012




Heimild: OECD. Hourly earnings in manufacturing


# Gengi sænsku og íslensku krónunnar gagnvart þýsku marki/evru 1993-2012



# Árleg breyting kaupmáttar tímakaups í Svíþjóð og á Íslandi 1993-2012



# Kaupmáttur tímakaups í Svíþjóð og á Íslandi - þróun frá 1993



# Vinnumarkaður og kjarasamningar á Norðurlöndum

Kynning á skýrslu vinnuhóps aðila  
vinnumarkaðarins og ríkissáttasemjara  
21. maí 2013

Hannes G. Sigurðsson